# AUGLÝSING

**um breytingu á skilmálum deiliskipulags við Skeiðarás 2 í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skilmálum deiliskipulags iðnaðar- og þjónustulóða við Skeiðarás frá 1984. Breytingin felst í því að heimilt verður að reisa mastur á lóðinni við Skeiðarás 2. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 18. maí 2001.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

Nr. 394 18. maí 2001

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hamragarða, Vestur-Eyjafjallahreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag frístundasvæðis í landi Hamragarða, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 26,5 ha svæðis og er þar gert ráð fyrir 11 frístundahúsalóðum og svæðum til skógræktar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vík, 18. maí 2001.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Sveinn Pálsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 395 11. maí 2001

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 783/1998 um viðbótarlán.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tekjumörk miðast við meðaltekjur síðustu þriggja ára fyrir umsókn um viðbótarlán samkvæmt skattskrám og ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Við mat á því hvort umsækjandi um viðbótarlán er undir tekjumörkum skal líta til meðaltekna umsækjanda síðustu þriggja ára áður en umsókn um viðbótarlán er afgreidd. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks og barna, 20 ára og eldri, sem búa á heimilinu.

Tekjumörk vegna viðbótarlána miðast við að árlegar meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæð en 2.037.000 kr. fyrir hvern einstakling og 340.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna og sambúðarfólks skulu vera 40% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 2.852.000 kr.